



Hópsýkingar 2016

Sumarið og haustið 2016 varð vart við eftirfarandi hópsýkingar og óvenjulegar sýkingar:

Kampýlóbaktærsýking í Hrísey

Í júlí síðastliðnum veiktust fimm af þrettán einstaklingum, sem gist höfðu í húsi í Hrísey, með magaverkjum og niðurgangi. Í saursýnum frá tveimur þeirra sem veiktust ræktaðist kampýlóbakter. Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands leiddi í ljós að neysluvatn úr ákveðnum brunni sem notað var í húsinu var mengað af saurgerlum og kampýlóbakter. Þetta mengaða vatn taldist vera ástæða sýkingarinnar enda höfðu þeir sem veiktust neytt þess. Viðeigandi búnaði til sótthreinsunar neysluvatns var komið upp í húsinu með góðum árangri.

Matareitrun í Sandgerði

Brúðkaupsveisla var haldin í Sandgerði í júlí á síðastliðnu sumri sem 60 manns sóttu, en stór hluti þeirra veiktist með magaverkjum, uppköstum og í sumum tilfellum niðurgangi. Maturinn sem borinn var á borð í veislunni var lagaður í veitingahúsi í Reykjavík og fluttur til Sandgerðis í hitakössum með ófullnægjandi hætti að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Sóttvarnalæknir gerði tilfellið viðmiðunarrannsókn með það fyrir augum að finna hvaða matvæli brúðkaupsveislunnar gætu tengst veik-

indunum. Samband náðist við 45 af veislugestunum (75%) og af þeim höfðu 34 veikt (76%). Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að marktæk tengsl væru við neyslu lambakjöts (líkindahlutfall 35 og öryggisbil 2,9–364) og neyslu súpu (líkindahlutfall 16,4 og öryggisbil 1,2–219) í veislunni.

Ljóst var af einkennum þeirra brúðkaupsgesta sem veiktust og tímasetningu einkenna eftir neyslu matvælna að hér var líklegast um að ræða matareitrun fremur en matarsýkingu. Líklegir orsakavaldar slíkra matareitruna eru *Staphylococcus aureus*, *Bacillus cereus* og/eða *Clostridium perfringens*. Þegar rannsóknin fór fram var búið að farga öllum matvælunum nema súpunni. Rannsókn á súpunni leiddi ekki í ljós orsakavaldinn, en líklegast er að lambakjötið hafi verið mengað af eitur-efnum.



Sóttvarnalæknir hefur í samvinnu við Matvælastofnun birt [leiðbeiningar við rannsókn á matarbornum sjúkdómum](#). á vef Embættis landlæknis.

Hópsýking af völdum inflúensu á Landspítala (LSH)

Veirufræðideild Landspítala (LSH) tilkynnti 14. september sl. um tvo einstaklinga á öldrunarlækningadeild LSH í Fossvogi sem greindust með inflúensu A(H3). Samkvæmt upplýsingum frá sýkingavarnadeild spítalans varð vart við fyrstu einkennum inflúensunnar þann 6. september sl. Á tímabilinu 13.–24. september greindust níu sjúklingar með inflúensu, en átta þeirra voru vistmenn á öldrunarlækningadeildinni eða aðstandendur þeirra. Á tímabilinu 21.–28. september sl. greindust að auki inflúensa A(H3) hjá sjúklingum sem ekki þurftu innlögn og tengjast því ekki hópsýkingunni á öldrunarlækningadeildinni. Fleiri sjúklingar og starfsfólk voru með einkennum inflúensu.

Sýkingavarnadeild LSH brást við með því að setja þá sem höfðu einkennum á lyfjameðferð gegn inflúensu og þá sem voru í smíthættu á fyrirbyggjandi meðferð. Einnig var gripið til þess ráðs að flýta bólusetningu starfsmanna sjúkráhusins. Í september sl. náðist að bólusetja 3.420 starfsmenn LSH gegn inflúensu eða 68% allra starfsmanna. Hér er um óvenjulegan atburð að ræða sökum þess hve snemma inflúensan er á ferðinni og hve margir hafa veikt. Ekki varð vart við marktæka aukningu á inflúensulíkum einkennum í samfélaginu á þessum tíma.

Efni:	bls.
Hópsýkingar 2016	1
Berklar	2
Mislingar um borð í flugvél	2
Eftirfylgni kynsjúkdóma og hettusóttar	2
Evrópskt samstarfsverkefni um heilbrigðis-skoðun skipa	3

Ritstjórn
Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Íris Marelsdóttir
Jónína M. Guðnadóttir
Júlíana Héðinsdóttir

Ritstjóri
Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

**Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir**

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



Berklar

Sumarið 2016 greindust virkir berklar annars vegar í hælisleitanda frá Afríku og hins vegar í Pólverja sem búsettur er hér á landi. Hælisleitandinn fór í myndatöku fyrir hálfu ári og var þá með smávægilega íferð í lungum sem sást við endurskoðun myndanna. Þessi íferð þróaðist svo í holumyndun í lungum (kavernur). Berklabakteríur fundust í hráka. Hann var í kjölfarið lagður inn á smitsjúkdómadeild Landspítala til meðferðar. Pólverjinn kemur á hinn bóginn frá landi þar sem berklatíðnin er hærri en í Vestur-Evrópu eins og algengt er í Austur-Evrópu. Vegna aðildar að EES þurfa Pólverjar ekki að fara í sérstaka læknisskoðun við komu til Íslands og geta þeir því óafvitandi borið með sér berklasmit.

Það er því afar mikilvægt að hafa berkla í huga þegar Evrópubúar frá svæðum þar sem berklar eru tíðir leita sér lækninga vegna einkenna frá öndunarfærum. Rakning hugsanlegs berklasmits er á höndum göngudeildar sóttvarna innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.



Á þessu hausti barst sóttvarnalækni tilkynning frá viðvörunarkerfi Evrópusambandsins um að íslenskt barn sem dvalist hafði á barnaheimil í Englandi gæti hafa smitast af berklum þar sem starfsmaður á heimilinu hefði greinst með opna lungnaberkla vorið 2016. Barnið fluttist síðan til Íslands og hefur sóttvarnalæknir haft samband við viðkomandi og gengist fyrir nánara eftirliti með hugsanlegu smiti barnsins og aðstandenda þess.

Mislingar um borð í flugvél

Í byrjun ágúst síðastliðnum greindist erlent barn með mislinga í Bretlandi, en það hafði ferðast með vél Icelandair frá Kanada til Bretlands með millilendingu á Íslandi. Sóttvarnalækni barst tilkynning um þennan atburð frá viðvörunarkerfi Evrópusambandsins. Haft var samband við allfesta farþega vélanna, bæði íslenska og erlenda.

Tíu dögum síðar veiktist Íslendingur á sextugsaldri sem hafði verið í sömu vél og ofangreint barn og var hann síðar greindur með mislinga. Hann var óbólu-settur og hafði ekki fengið mislinga áður. Honum heilsast nú vel. Ekki hefur greinst frekara smit hér á landi.

Eftirfylgni kynsjúkdóma og hettusóttar



Í Farsóttufréttum ársins hefur verið vakin athygli á auknum fjölda þeirra sem greinst hafa á undanförunum árum með kynsjúkdóma, einkum sárasótt og lekanda. Vakin hefur verið athygli á því að það kunni að hafa verið slakað á notkun smokka við kynmök eftir að öflug meðferð við HIV-sýkingu kom fram. Sóttvarnalæknir telur mikilvægt að vekja athygli á þessari þróun, einkum meðal

þeirra sem teljast til áhættuhópa. Huga verði að því að smokkar séu ávallt aðgengilegir á viðráðanlegu verði og að skimun fyrir kynsjúkdómum verði tryggð í mæðravernd og meðal annarra hópa sem eru í sérstakri áhættu.

Sárasótt

Árið 2014 greindust 17 tilfelli af sárasótt og árið 2015 greindust 24 tilfelli. Það

sem af er árinu 2016 hafa jafn mörg tilfelli greinst af sárasótt og allt árið 2015, sem staðfestir umtalsverða aukningu á sjúkdómum á undanförunum þremur árum, sjá mynd 1. Af þeim sem greinast með sjúkdómnum eru 90% karlmenn en flestir þeirra sem sýktust voru karlar sem stunda kynlíf með öðrum körlum. Af þeim sem sýktust voru flestir á aldrinum 30–39 ára.



Lekandi

Á undanförunum þremur árum hefur einstaklingum sem greinst hafa með lekanda fjölgað jafnt og þétt, sjá mynd 2. Á árinu 2014 greindust 38 einstaklingar, árið 2015 voru þeir 46 og það sem af er árinu 2016 hafa 68 greinst með lekanda. Flestir eru í aldurshópnum 20–29 ára og eru 77% þeirra karlmenn. Smit tengist samkynhneigð í yfir 70% tilfella það sem af er árinu 2016. Enn sem komið er tengist lekandi hér á landi ekki sýkla-

lyfjaónæmi en víða erlendis er það vaxandi vandamál.

Klamydía og HIV-sýking

Mánaðarlegur fjöldi þeirra sem greinst hefur með klamydíusmit á þessu ári er svipaður og á árinu 2015. Vorið 2016 greindust óvenju margir einstaklingar með HIV-sýkingu sem náði hámarki í apríl sl. (*Farsóttafréttir*, júlí 2016). Það sem af er árinu 2016 hafa fleiri greinst með HIV-sýkingu en allt árið 2015.

Hettusótt

Hettusóttarfaraldur sem hófst í apríl 2015 og náði hámarki í júní það ár hefur nú fjarað út. Enginn hefur greinst frá því í apríl 2016. Samtals veiktust 85 manns af völdum hettusóttar í þessum faraldri. Af þeim sem greindust með hettusótt voru langflestir á aldrinum 20–35 ára (meðalaldur 27 ár) og flestir karlmenn (65%).

Evrópskt samstarfsverkefni um heilbrigðisráðgjöf skipa

Undanfarin ár hefur Ísland tekið þátt í evrópsku samstarfsverkefni um heilbrigðisráðgjöf skipa (*SHIPSAN Joint Action*). Verkefnið miðar að því að samræma skipaskoðanir á öllum tegundum skipa til að draga úr líkum á að þau geti borið smit- eða eiturefni milli landa eða verið heilsuspillandi fyrir þá sem ferðast með þeim. Fyrsti hluti verkefnisins (*SHIPSAN*) hófst fyrir 10 árum og fjallaði um úrbætur á hreinlæti og sóttvarnir á skemmtiferðaskipum. Annar hluti verkefnisins (*SHIPSAN trainet*) fólst í gerð fræðsluefnis og skipulagðra þjálfunarnámskeiða. Gefin hefur verið út vönduð handbók til að nota við skoðanir skemmtiferðaskipa ([European manual for hygiene standards and communicable disease surveillance](#)). Gert er ráð fyrir að handbókin verði endurútgefin reglulega. Þriðja hluta SHIPSAN verkefnisins lýkur svo á þessu ári, 2016. Það hefur gengið út á það að auka þjálfun og samhæfingu heilbrigðisfulltrúa sem skoða skip, búa til leiðbeiningar og fræðsluefni um viðbrögð til að bregðast við ýmsum atvikum sem geta komið upp í höfnum og skipum. Einnig hefur verið

búið til samskipta- og upplýsingakerfi til að tengja betur saman störf að þessum málum á milli landa og til að vista upplýsingar um skipaskoðanir og ástand skipa.

Gefið hefur verið út vandað fréttabréf með margvíslegum upplýsingum og fróðleik um verkefnið en upplýsingar um það og tengingar inn á fréttabréfið og upplýsingakerfið er að finna á vef verkefnisins www.shipsan.eu.

Evrópska samstarfsverkefnið um heilbrigðisráðgjöf skipa er liður í innleiðingu alþjóðaheilbrigðisreglugerðar (IHR) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Sóttvarnalæknir er lögum samkvæmt landstengiliður við WHO vegna reglugerðarinnar en nánari upplýsingar

um aðkomu hans að verkefninu má sjá á vefsíðunni [Skipaskoðanir](#) á vef Embættis landlæknis.

